

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Kviku banka hf., kt. 540502-2930 („Kvika“), verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2024, kl. 16:00, á Iceland Parliament Hotel við Austurvöll, Thorvaldsenstræti 2-6, 101 Reykjavík í fundarsal A.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðð starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
Stjórn Kviku leggur til að ekki verði greiddur út arður á árinu 2024.
- 3) Tillaga um endurnýjun á heimild félagsins til að kaupa eigin hlutabréf.
- 4) Tillaga um lækkingu hlutafjár með ógildingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins.
- 5) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
- 6) Tillaga um tilnefningarnefnd.
 - a. Tillaga um að komið verði á fót tilnefningarnefnd.
 - b. Tillaga um breytingar á samþykktum.
 - c. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar.
 - d. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
 - e. Tillaga um staðfestingu á skipun tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
- 7) Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
- 8) Kosning endurskoðenda félagsins.
- 9) Tilnefning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd.
- 10) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar félagsins.
- 11) Önnur mál.

Meginefni tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum:

Stjórn félagsins leggur til að hlutafé félagsins verði lækkað um 58.952.375 kr. að nafnvirði með ógildingu jafn margra eigin hluta sem keyptir voru samkvæmt formlegri endurkaupaáætlun á árinu 2023. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fyrir lækkingu hlutfjárins liggur þegar fyrir. Verði tillagan samþykkt lækkar hlutafé bankans úr 4.781.025.715 kr. í 4.722.073.340 kr. að nafnvirði.

Auk þeirrar breytingar á samþykktum, sem felst í tillögu stjórnar um lækkingu hlutafjár, lúta tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum að því að tilnefningarnefnd verði komið á í félaginu. Verði tillaga stjórnar um að komið verði á tilnefningarnefnd í félaginu samþykkt eru lagðar til breytingar á greinum 3.3, 3.9 og 4.6 samþykktu félagsins.

Aðrar upplýsingar:

Fundarstörf fara fram á íslensku. Fundargögn eru aðgengileg á heimasíðu félagsins á íslensku og ensku utan þess að ársreikningur félagsins er eingöngu aðgengilegur á ensku. Dagskrá, endanlegar tillögur, starfskjarastefna, ársreikningur félagsins og önnur fundargögn munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Katrínartúni 2, Reykjavík, hluthöfum til sýnis í 21 dag fyrir aðalfund. Umrædd gögn, ásamt upplýsingum um frambjóðendur til stjórnar, eru einnig birt á heimasíðu félagsins, <https://www.kvika.is/agm>.

Boðið verður upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað í gegnum fundarkerfið Lumi AGM. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar munu kjósa rafrænt og geta borið upp skriflegar spurningar í

gegnum Lumi AGM. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku á honum að öðru leyti.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, skulu **skrá sig á vefsíðunni www.lumiconnect.com/ eigi síðar en kl. 16.00 þann 19. mars**, þ.e. tveimur dögum fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af gildum skilríkjum og umboð, ef við á.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM, hvort sem hluthafar mæta til fundarins á Iceland Parliament Hotel eða taka þátt á rafrænan hátt.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á fundinum ef hann sendir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á heimilisfang félagsins eða á netfangið hluthafar@kvika.is. Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum skulu senda beiðni um slíkt eigi síðar en tíu sólarhringum fyrir boðaðan aðalfund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 11. mars 2024. Slíkri ósk skal fylgja drög að ályktun fundarins ef við á.

Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar fyrir aðalfund með því að senda erindi á framangreint netfang eða bera þær upp á aðalfundinum sjálfum.

Þeim sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn ber að tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16:00 laugardaginn 16. mars 2024.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal geta nafns frambjóðanda, kennitölu, heimilisfangs, menntunar, upplýsinga um aðalstarf og starfsferil, hvenær viðkomandi tók fyrst sæti í stjórn félagsins ef við á, önnur trúnaðarstörf (t.a.m. stjórnarstörf í öðrum félögum) og hlutafjareign í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila. Þá skal upplýsa um önnur tengsl við félagið og hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga, einir eða í samstarfi við aðra, meira en 10% hlut í félaginu. Þeir einir eru kjörgengir til setu í stjórn félagsins sem þannig hafa gefið kost á sér. Krafa um hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir aðalfundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 laugardaginn 16. mars 2024. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar munu liggja frammi hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins sem og á heimasíðu félagsins, eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995. Framboðsform til stjórnarsetu er aðgengilegt á vefsíðu félagsins.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn. Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundinum, hafi þeir skráð sig innan framangreinds tímafrests. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins.

Fundarboð þetta, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, dagskrá, tillögur stjórnar til hluthafafundar, leiðbeiningar um rafræna þátttöku og önnur fundargögn ásamt umboðsformum verða aðgengileg á vefsíðu félagsins. Sé misræmi milli fundargagna á íslensku og ensku, gildir íslenska útgáfan.

Stjórn Kviku banka hf.